



Þingskjal nr. 1

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti, í Lögum og reglum LH.

Í grein 5.2 verður þessi breyting:

Er: „Íslandsmóti skal skipta upp í mót fullorðinna annars vegar og barna, unglinga og ungmenna hins vegar.“

Verður: Íslandsmóti skal skipta upp í mót fullorðinna og ungmenna annars vegar og barna og unglinga hins vegar.“

Í grein 5.2 verður einnig þessi breyting:

Er: „Á Íslandsmóti fullorðinna hafa einungs þeir sem náð hafa tiltekinni lágmarkseinkunn (lágmarkstíma í skeiðgreinum) rétt til þátttöku.“

Verður: „Á Íslandsmóti fullorðinna hafa einungs þeir sem náð hafa tiltekinni lágmarkseinkunn (lágmarkstíma í skeiðgreinum) rétt til þátttöku í fullorðinsflokki.

Greinargerð

Stjórn LH vill veita ungmönnum þá æfingu að ríða sínar sýningar ein inná keppnisvelli, þar sem þau eru í elsta flokki ungra keppenda og með þessu móti gefst þeim kostur á að undirbúa keppnisferil sinn í fullorðinsflokki sem og á alþjóðavísu.

Íslandsmótin eru mót af háum gæðastaðli á heimsvísu og með þessu móti er verið að gera ungu knapana og árangur þeirra, ennþá sýnilegri innan Íslandshestamennskunnar.

Umræður:

Kristján – Skugga – skipta í fullorðins/ungmenni og börn/unglingar – það má koma til móts við ákveðna gagnrýni með því að breyta keppnisreglum yngri flokka. er ekki viss um að þetta að skipta þessu í tvennt sé endilega slæmt, en höfum líka haldið íslandsmót fullorðinna, með því að halda þessi mót og vera með allt saman, þá kallar það annað hvort á mjög langt mót – eða vera með tvo velli. Hvað erum við í raun að segja með því að breyta þessu. Ekki á móti því að breyta, vil að þessi mót séu sem glæsilegust. Ungmenni og fullorðnir saman – eiga meira saman. Það fjölgar þá þeim stöðum sem haldið geta barna og unglingamót.



Hermann – legg til að við fellum þessa tillögu og höfum börn, unglinga og ungmenni í sama móti.

Hjörtur – tekur undir með Hermann. Sóttum um mótið síðast, gerði mér ekki grein fyrir að það mættu ver 3 á vellinum í einu. alltaf verið að tala um að krakkarnir þurfi meiri reynslu og þurfi að læra, skóla þau betur. Fannst í sumar

Ríkhaður – held það sé hægt að leysa þetta með því að setja reglur um ungmennaflokkinn sérstaklega, þar ríði einn inni á á í einu.

Linda – vorum að ræða af hverju tillagan kom fram, það er t.d út af lengd mótanna – voru t.d. 550 skráningar í Borgarnesi í sumar og hefði tekið marga daga hefði 1 verið inni á á í einu.

Oddný – Sörla – þetta var svona áður fyrr, 1 í einu, svo var þessu breytt og varð svo hissa. Það er metnaður í börnunum, þau vilja vera ein. Þau fara á Norðurlandamót og þar eru þau ein. Legg til að þessu sé breytt eins og þetta var.

xx – eigum að hafa þann metnað að börn og ungmenni

Jói – liggur tillaga í keppnisnefnd um flokkaskiptinguna, að við hættum þessu áhugamaður, atvinnuaður og allt það. held það gæti þróast að ef það kæmi kerfi um lágmarkseinkannirnar, til þess að geta riðið einn. held að flokkaskiptingin fari svolítið inn á þetta svið. Kemur í flokkaskiptinguni að þú sérst að keppa, byjar í neðsta flokki og vinnur þig upp um flokka og það sé keppnisformið sem við búum til í framtíðinni. Séu að vinna sig alltaf upp og þegar þú ert kominn upp fyrir einhverja einkunn, þá farirðu að ríða einn.

Hjörtur – sammála Jóa. Það þurfa heldur ekki allir að vera á íslandsmóti, það mega vera meiri kröfur á íslandsmóti og það séu þá færri þátttakendur.

Sveinbjörn – erum að tala um íslandsmót, sé fyrir mér með félagsmót að þá byrjirðu í neðsta og vinnur þig upp, ert ekki með keppni á íslandsmóti í C eða B flokk.

Jói – í keppnisgeiranum, að fólk sé að bæta sig og hafi að einhverju að keppa,

Oddrún – Herði – varðandi flokkaskiptingar, þá er þetta allt til í íþróttakeppni, upp á það ef börn vilja ekki ríða ein inni á. Það er mótshaldari sem getur ákveðið þetta. Þetta er allt saman til.

xx – erum varla að fara að bjóða upp á þessa léttari flokka á íslandsmóti.

Samþykkt að fella tillöguna.



Þingskjal nr. 3

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti, í Lögum og reglum LH.

Þessi setning fellur út úr grein 5.2: „Stjórn LH er heimilt að veita undanþágu til þess að halda mótin saman, sé þess ekki nokkur kostur að halda þau sitt í hvoru lagi.“

Í staðinn kemur: „Á Landsmótsári verði Íslandsmótin haldin saman, hálfum mánuði eftir Landsmót. Á Heimsmeistaramótsári verði mótin haldin sitt í hvoru lagi. Íslandsmót fullorðinna og ungmenna skal haldið aðra helgina í júlí og Íslandsmót barna og unglinga skal haldið þriðju helgina í júlí.“

Greinargerð

Með þessari tillögu kemur fasti í Íslandsmótin og umsækjendur mótanna vita að hverju þeir ganga. Með því að halda mótin saman minnkar álagið sem felst í því að sækja þessi mót ekki síst fyrir keppnisknapa sem eiga börn sem eru að keppa. Það er að bera í bakkafullan lækinn að knapar sem eru að keppa á Landsmóti og Íslandsmóti fari svo með börnin sín til keppni. Einungis þau félög sem geta haldið keppni á tveimur völlum geta sótt um þessi mót. Þau ár sem ekki eru Landsmót er auðveldara að halda mótin aðskilin. Minni félög geta því sótt um og haldið Íslandsmótin enda ekki krafa um tvo velli.

Með þessu er því verið að koma til móts við keppendur og fjölskyldur þeirra og einnig að gera minni félögum mögulegt að halda Íslandsmót.



Þingskjal nr. 3-A

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti, í Lögum og reglum LH.

Þessi setning fellur út úr grein 5.2: „Stjórn LH er heimilt að veita undanþágu til þess að halda mótin saman, sé þess ekki nokkur kostur að halda þau sitt í hvoru lagi.“

Í staðinn kemur: „Stefnt skal að því, að á Landsmótsári verði Íslandsmótin haldin saman, hálfum mánuði eftir Landsmót. Á Heimsmeistaramótsári sé stefnt að því að halda mótin sitt í hvoru lagi. Íslandsmót fullorðinna skal haldið aðra helgina í júlí og Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna skal haldið þriðju helgina í júlí. Ef mótin eru haldin saman á Heimsmeistaramótsári, skal halda þau aðra helgina í júlí.“

Samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.



Þingskjal nr. 6

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 1.2.4 Dagskrá landsþings, í Lögum og reglum LH:

Síðasta málsgrein greinarinnar er: „Skýrslu LH, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið svo og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum LH innan tveggja mánaða frá þingslitum.“

Breytist í: „Skýrslu LH svo og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum LH innan tveggja mánaða frá þingslitum.“

Greinargerð

Stjórn LH leggur til að landsþingin í framtíðinni verði algjörlega pappírslaus og þess vegna verði það tekið úr lögum og reglum að fjölrita skuli skýrslu stjórnar. Með nútímataækni er þetta vel mögulegt, enda er öllum gögnum þingsins varpað upp á skjá á þingstað og að auki eru gögnin aðgengileg fulltrúum þingsins á vef LH, www.lhhestar.is með góðum fyrirvara þannig að auðvelt ætti að vera fyrir þingfulltrúa að kynna sér efni þeirra í tíma.

Umræður:

Samþykkt samhljóða, án umræðu.



Þingskjal nr. 15

Flytjandi: HÍDÍ

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, lýsir yfir ánægju sinni að stjórn LH hefur gefið út stuttar leiðbeiningar um hlutverk mótshaldara og þula.

Samþykkt er að útbúnað verði fleiri almennar leiðbeiningar til mótshaldara.

Þarna mætti setja almennar leiðbeiningar til mótshaldara.

Dæmi:

- Dagskrárgerð miðað við fjölda skráninga og áætlaðan tíma miðað við keppnisgrein
- Verklagsreglur fótaskoðunarmanna
- Keppnisflokkar og geta keppanda (t.d. t1 fyrir vana, t8 fyrir óvana),
- Fjöldi skráninga vs fjöldi dómara

Greinagerð

Svo mótanefndir geti haldið mót á sem skipulegastan máta.

Umræður:

Sveinbjörn – spyr hvort þessar leiðbeiningar séu þegar til.

Jói – styður þetta eindregið, nýtt fólk á móti á Flúðum um daginn, og þurfti að stýra því vella f stað því það vantaði svona verklagsreglur.

Linda – Hvíldartími starfsmanna, erum með sjálfboðaliða, auðvitað reynt að hvíla þá

Kristján – hvíldartími á við um dómara og fasta starfsmenn en kannski ekki sjálfboðaliða. fagnar hugmyndum um tékklista, hjálpar mótshöldurum að hafa fast land undir fótum

Svafar – leiðbeiningar í sambandi við járningu/fótaskoðun, tálínu, stærð á skeifu – það vantar.

Hjörtur – frekar nefna þetta leiðbeiningar heldur en verklagsreglur

ATH – má auglýsa betur þær reglur sem þegar eru til á vefnum

Sveinbjörn – þetta eru leiðbeiningar

Linda – sammála um að taka út punkt um hvíldartíma starfsmanna,

Samþykkt samhljóða



Þingskjal nr. 17

Flytjandi: Járningamannafélag Íslands

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 15. og 16. október 2016, leggur til að reglur skuli settar um framkvæmd fótaskoðunar á mótum sem fara fram á vegum LH og að Járningamannafélagi Íslands verði falið að vinna að gerð samræmdra starfsreglna fyrir fótaskoðunarmenn.

Greinargerð

Nauðsynlegt er að koma á samræmdum starfsreglum fyrir fótaskoðunarmenn til þess að allir hestar verði metnir út frá sömu forsendum á öllum mótum innan LH.

Samþykkt samhljóða.

Umræður:

Þorgrímur – formaður JÍ – héldu að þetta hefði verið skrifað svona 2014, en þá hélt fólk að JÍ væru að fara að taka að sér alla fótaskoðun. Hafa rekið sig á að fólk er að koma með rangar járnningar, þá ber svo við að fólk segi “þetta fór svona í gegnum forkeppni í félögunum” – þar var jafnvel engin fótaskoðun. Þetta þykir JÍ ámælisvert, því það er kveðið á um fótaskoðun í reglum LH. Félögin eiga að fræða fólk sem fer í þessi störf.

Jói – list vel á þetta, gott að koma skikki á þetta. Járningafélagið, íþróttadómarar og gæðingadómarar þurfa að setjast niður og setja saman einhvern pakka og á hvaða formi þetta þarf að vera til að útskrifa fótaskoðunarmenn. Verður að vera samvinna þessarar félaga

Hjörtur – sammála því sem hefur verið sagt, vill breyta í þá átt að þessi þrjú félög komi sér saman um þetta og mennti fótaskoðunarmenn.

Ragnhildur – hefur unnið við mótahald, oft erfitt að fá sjálfboðaliða, finna fótaskoðunarmenn, sníkja pening til að fjármagna – það þarf að passa kostnaðinn í þessu.

Ríkharður – sammála þessu með kostnaðinn, reglurnar mega ekki vera íþyngjandi

xxx – stendur félögunum nær, á forræði félaganna að upplýsa sína sjálfboðaliða um hvernig þetta á að fara fram



jói – þarf að búa til tékklista, um hvað á að skoða, því svo eru það dómarnir sem eiga að dæma. kannski þarf ekki að mennta sér fótaskoðunarmenn, heldur að sjá til þess að til sé tékklisti og ef athugasemd að þá að kalla til dómara, sem dæmir.

Linda – þarf að laga þetta, vont að vera með fólk í skoðun sem hefur ekki nægilega þekkingu, þó má þetta ekki vera íþyngjandi

Þorgrímur – erum að tala um mót sem eru rekin á félagslegum grunni, á móti sem hann nefnir var greitt fyrir fótaskoðun, fólk sem hafði þekkinguna klára. reglurnar eru í lögunum, það virðist sem fólk lesi ekki reglurnar. FIBO stýrir öllum dómurunum. Félögin eru kannski ekki öll í stakk búin að

xxx – ábyrgðin er alltaf keppandans

sveinbjörn – skilur tillöguna þannig að eigi að setja reglur um framkvæmd fótaskoðunar, en jí sé falið að vinna að samræmdum reglum.

Auður – erum ekki fara að samþykkja neitt námskeið, bara að samþykkja að gerðar verði reglur um fótaskoðun.



Þingskjal nr. 26

Flytjandi: Léttir, Grani, Funi, Þráinn

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga

Landsþing Landssambands hestamannafélaga (LH) haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að endurskoðuð verði ákvörðun meirihluta stjórnar LH um staðarval landsmóta hestamanna 2020 og 2022 og hafi þar hag og hagsmuni heildarsamtaka hestamanna að leiðarljósi. Að öðrum kosti er mikil hætt á að samtök hestamanna klofni.

Greinargerð

Undirrituð hestamannafélög á landsbyggðinni lýsa yfir furðu sinni á vali meirihluta stjórnar LH á staðarvali þriggja næstu landsmóta samtakanna. Þar verða fyrir valinu þrír staðir sem allir tilheyra suður- og suðvesturhorni landsins. Í engu er horft til þeirra samþykktu þinga LH þar sem kveðið er á um dreifingu landsmóta og óljóst virðist vera hver stefna stjórnar LH er í raun og veru varðandi staðarval þessara móta.

Þing LH hafa ítrekað talað fyrir dreifingu landsmóta og hér fer meirihluti stjórnar LH gegn áðurnefndum samþykktum. Eru þessar ákvarðanir mjög sérkennilegar þegar horft er til þess að félög á landsbyggðinni sem eru mjög vel í stakk búin til að taka að sér slík mót sóttust eftir að halda landsmót 2020 og/eða 2022.

Kallar þessi ákvörðun eftir skýrri yfirlýsingu þings LH hver sé í raun stefna samtakanna.

Umræður:

Hjörtur – sammála þessu, finnst stórundarlegt, kjósum stjórn LH og verðum að treysta þeim til þeirra verka. Það er ekki búið að semja hvorki við Gaddstaðaflatir, né við Sprett. Finnst þetta ekki vera til að sætta samtök

Sveinbjörn – segi í þessu að fyrir 2 árum, þá endaði þingið ekki vel, út af nákvæmlega svona umræðu, held að það sé mikilvægt að við séum ekki að stefna í sömu átt á þessu þingi. Kosin var ný stjórn fyrir 2 árum og sú stjórn hefur ákvörðunarvald til að ákveða hvar næstu landsmót verða haldin. Búið að ákveða næstu 3 landsmót. Sú stjórn sem verður kosin á þessu þingi, mun ekki hafa það á bakinu að semja við aðila á sínu starfstímabili. Er ánægður með það að stjórnin sem mun ganga af þessu þingi, sé að fara að vinna meira að nýliðun, fræðslu oþh

Jói – leit út þegar Léttir sagði sig úr LH 1989, að hefur séð í tímann rás að ekki er hægt að vera með of marga staði undir, það er svo mikil fjárfesting á stöðunum. Stjórnin hefur unnið vella þá að því að sameina okkur hestamenn, þó ég sé ekki sammála staðarvalinu næstu árin. Eigum bara að visa þessari tillögu frá og treysta stjórninni

Lilja frá Grana – fulltrúi á bak við þessa tillögu. Kom pólitík í þetta. Tillagan samt samþykkt af meirihluta. Fannst landsmótið á Hólum æðislegt, er ekki að fara að standa upp og rífast yfir þessu

Lilja – Hring – þegar klofanði '89 var hringur eitt af félögunum sem fór út. Síðasta línan var nóg til að segja nei, legg til að tillagan verði felld.



Steingrímur – Funa – tók ekki þátt í þessu, síðasta setningin ekki í lagi. Með landsmótið, það sáu allir hvernig það var á Hólum, velti fyrir mér hvort það þurfi að vera einhver regla um hvernig ákvörðun er tekin. Sammála því að vísa tillögunni frá.

Pálmi – Þyt – vorum beðin um að skrifa undir, tókum ekki þátt í því, sérstaklega vegna þessarar síðustu setningar. Við erum svo sem ekkert endilega sátt við það sem búið er að velja, en sættum okkur við ákvörðun stjórnar.

Hjörtur – tillagan fjallar ekki um hvort landsmótið hafi verið gott á hólum eða hellu. Erum fyrst og fremst að ræða ákvörðunartöku stjórnar, önnur tillaga lýsir vantrausti á stjórn og miklu meira vit í henni.

Linda – stjórn ræður hversu mörg ár þau ákveða í senn

Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni frá.



Þingskjal nr. 27

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 beinir því til stjórnar LH að fara alltaf í störfum sínum eftir lögum LH.

Greinagerð

Tilfni þessarar tillögu er að tilkynning barst frá skrifstofu LH, dags. 08.06. 2016, varðandi breytingu á reglum varðandi sérstaka forkeppni á Landsmóti 2016. Skv. tilkynningunni var tekin ákvörðun um að sérstök forkeppni skuli fara „fram upp á þá hönd sem knapar kjósa“, en skv. reglum LH um gæðingakeppni á lands- og fjórðungsmótum um sérstaka forkeppni, nr. 7.8.1, segir skýrt að riðið skuli upp á vinstri hönd í öllum flokkum.

Ótækt er að stjórn LH breyti upp á sitt einsdæmi löglega samþykktum reglum nema hún hafi skýra heimild til þess og skiptir þá engu hvaða skoðun einstaka stjórnarmenn kunna að hafa á þeim.

Umræður:

Jóna Dís – þessi tillaga kom frá keppnisnefnd LH til stjórnar og eftir að það hafði verið skoðað hvort þetta væri heimilt til reynslu, þá var ákveðið að heimila þetta. Vegna þess að forkeppni á mótum er riðin svona, þetta tókst mjög vel, utan eitt tilfelli. Almenn ánægja með þetta.

Sveinbjörn – sammála Jónu og skil að keppnisnefndin hafi lagt fram þessa tillögu. Er bara að árétta þessa brotalöm að ef eitthvað stendur í lögum, þá eru það lög og þau eiga að standa. Finnst rétt að þetta komi fram á þessu þingi, þar sem við erum að ræða saman og vinna að stefnumótun. Svona gengur ekki upp og er bara til að grafa undan sjálfum okkur. Eðlilegt hefði verið að þetta hefði farið fyrir þingið, samþykkt og þá fullkomlega löglegt á næsta þingi.

Bjarni – er þetta ekki óbeint vantraust á stjórn? Ef við erum að

Kristján Skugga – almennt hef ég þá skoðun að beri að breyta lögum og reglu áður en farið er að keppa eftir þeim, að því leyti skil ég tillöguna. En í ljósi þess að verið er að breyta þessu núna, tillaga um það liggur í annarri nefnd, þá kannski á tillagan ekki rétt á sér?

Hermann – í okkar röðum, snýst tillagan ekki endilega um keppni, heldur almennt að unnið verði eftir lögum LH

Jói – get ekki samþykkt þetta svona, því mér finnst stjórn hafa verið að leitast eftir því að koma til móts við keppendur. Finnst stjórnin þarna vera að leita að bestu lausn fyrir sína félagsmenn.



Steingrímur – Funa – lög eru lög og þá þarf ekki að setja í lög félagsins að stjórnin fari að lögum. Snýst ekki um hvort hafi verið gott að prófa þetta, heldur að það sem er bannað sé bannað.

Hjörtur – jóna útskýrði þetta ágætlega, tillaga sem reynd var á þessu móti.

Sveinbjörn – kannski ekki alveg sammála Hirti, finnst eðlilegt að við forum eftir lögum í einu og öllu.

Linda – spyr: sendum við mótmæli – já kom útskýring, töldu sig hafa heimild/fordæmi fyrir því að fara í kringum þetta.

Heiðrún – Fáki – hvað fáum við út úr því að samþykkja þetta?

Jóna Dís – ekki gert nema að vel athuguðu máli. Í raun fáránlegt að ekki sé löngu búið að breyta þessu.

Lilja – Hring – sammála því að við eigum að hvetja fólk til að fara að lögum. Átti þá að mótmæla þessu fyrir landsmót, erum í raun búin að samþykkja þetta

Frávísunartillaga borin upp til samþykktar, frávísun samþykkt með þorra greiddra atkvæða.



Þingskjal nr. 28

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssamband hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að LH stofni Íslandsmót í hestaíþróttum áhugamanna og það mót verði sett í sama ferli og Íslandsmót í hestaíþróttum og Íslandsmót í hestaíþróttum yngri flokka.

Greinagerð

Ýmiskonar áhugamannamót eru í mikilli sókn á Íslandi og þar er að eiga sér stað mikil nýliðun, sem er það sem hestamennskan þarf mjög á að halda. Íslandsmótin yrðu þá yfir sumartímann og myndu höfða til allra knapa á Íslandi sem hefðu áhuga á keppni. Gengið er út frá því að ekki verði krafist einkunnalágmarka til að taka þátt í Íslandsmóti í hestaíþróttum áhugamanna.

Umræður:

Linda – gríðarleg gróska, skemmtileg innanfélagsmót, þeir sem eru að keppa í áhugamannahestaíþróttinni, hafa áhuga á að geta kept á Íslandsmóti.

Jói – áhugamannamót Íslands hefur verið haldið, finnst verið að bera í bakkafullan lækinn að vera með Íslandsmeistara út um allt

Hjörtur – sammála Jóa – veit ekki um nokkra íþrótt þar sem kosinn er Íslandsmeistari áhugamanna.

svavar – er t.d. Íslandsmeistari áhugamanna í 100 metra boðhlaupi

áhugamenn keppi bara á Íslandsmótinu – með lágmörkum

Tillagan felld með meirihluta atkvæða



Þingskjal nr. 29

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssamband hestamannafélaga, haldið á Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að farið verði yfir þær tillögur sem samþykktar eru á hverju Landsþing LH á næsta formannafundi sem haldinn er þar á eftir og þar gerð grein fyrir stöðu þeirra mála er tillögurnar varða.

Greinagerð

Með tillögu þessari er leitast við að hafa meiri eftirfylgni varðandi samþykktar tillögur en hingað til.

Umræður:

Sveinbjörn – útskýrir tilefni tillögunnar; þegar við skoðuðum tillögur frá 2014, sáum við að nokkrar væru samþykktar, sáum ekki stöðu um margar aðrar.

Tillagan samþykkt samhljóða.



Þingskjal nr. 33

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssambands Hestamannafélaga, haldið á Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að fela stjórn LH að gefa út hvað til þarf til þess að keppnissvæði uppfylli kröfur um mótahald á vegum Landsambands Hestamanna.

Greinargerð

Landsamband Hestamanna og Landsmót ehf standa fyrir Íslandsmótum og Landsmótum ásamt minni viðburðum eins og „allra sterkustu“ og úrtöku fyrir HM í hestaíþróttum. Gott væri fyrir þá sem hafa áhuga á að halda þessa viðburði að til væri á hjá LH leiðbeiningar um hvað þarf til, til þess að halda slíka viðburði. Ef t.d. boðinn er fram landsmótsstaður hversu mörg hesthúspláss þurfa að vera á mótsstað, hversu mörg tjaldsstæði, hvers konar vallaraðstæður, og hvers konar vallargerðir, og svo framvegis. Ef til væri lýsing á því hvers konar kröfur yrðu gerðar til leikvanga í hestaíþróttum þá yrði það mun einfaldara fyrir hestamannafélög að sækja fjármuni til ríkis og sveitafélaga til uppbyggingar slíkra mannvirkja.

Skipting gæti orðið eitthvað á þessa leið:

- Landsmótsleikvangur (sbr. Landsleikja leikvangur í fótbolta)
- Íslandsmótsleikvangur (sbr. Meistaraflokksleikvangur í fótbolta)
- Félagsleikvangur (sbr. Leikvangur yngriflokka í fótbolta)

Myndi þetta styrkja hestamannafélög á hverju svæði fyrir sig til þess að hvetja sitt sveitarfélag til þess að státa sig af því að eiga landsmótsleikvang innan sinna sveitarfélagamarka.

Umræður:

Magnús: Þjuggu til leiðara fyrir nokkrum árum um landsmót, íslandsmót o.fl. og skiluðu til LH, þar átti að vera til mannvirkjabók, þannig að þetta á að vera til, en þarf að uppfæra

Hermann – Spretti – vorum að búa til nokkra velli og þegr við vorum í okkar uppbyggingu þá vantaði svona leiðbeiningar, er klárlega til einhversstaðar en þarf að vera aðgengilegt, annig að maður geti sótt þetta og haft á hreinu.

Linda – var formaður í Spretti þegar við sóttum u landsmót, í útboðsgögnum LH kom hvergi fram hvað þarf til, þannig að þetta er frábær tillaga.

Magnús – lögðum heilmikla vinnu í þetta á sínum tíma.



Jóna Dís – fagna þessari umræðu. Finnst gott ef ég held áfram í stjórn, þá er gott að svona sé til. Alveg eins og þessir gátlistar sem við erum að vinna.

Þorgrímur – tek undir þetta. Eina sem ég og margir hafa kallað eftir, sem ætti að vera efsta línin, er að kalla eftir keppnisvöllum sem eru ekki að skaða... lendum oft á völlum sem okkur heyrir á knöpum að séu of harðir, eins og ekki sé til kúrfa um það hvernig keppnisvellir eigi að vera.

Hermann – annað í þessu ekki síður mikilvægt, það er staðreynd að sveitarstjórnarmenn, það er ákveðinn hégómi í því að eiga landsmótssvæði/islandsmóttssvæði, félögin geta þá rökstutt þegar þau sækja um fjármagn til sveitarfélaga.

Magnús – get bent á að í staðlinum sem tile r, eru annarsvegar lágmarkskröfur og hins vegar ábendingar

Hjörtur – ítrekar að nota það sem er til nú þegar og vinna út frá því og byggja ofan á það

Jóna Dís – það sem er til, auðvitað hefur það verið notað.

Tillagan samþykkt samhljóða



Þingskjal nr. 34 – dregin til baka.

Flytjandi: Sprettur

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssambands Hestamannafélaga, haldið á Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að breyta orðalagi í lögum LH grein 5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti. Þar stendur í dag að „Íslandsmóti skal skipta upp í mót fullorðinna annars vegar og barna, unglinga og ungmenna hinsvegar.“ Stjórn LH er heimilt að veita undanþágu til þess að halda mótin saman, sé þess ekki nokkur kostur að halda þau í sitt hvoru lagi.“

Orðalagið breytist þannig: „Ársþing LH ákveður við kosningu um staðsetningu Íslandsmóta hvort Íslandsmót fullorðinna og Íslandsmót barna, unglinga og ungmenna verði haldin saman og á sama tíma.“

Greinagerð

Fordæmi eru fyrir því að Íslandsmótin hafi verið haldin saman og á sama tíma. Þau mót hafa tekist mjög vel og ljóst að aukinn áhugi er frá hestamannafélögum landsins að halda sameiginlegt mót. Það er öllum kunnugt sem haldið hafa Íslandsmót að þessi mót eru mjög kostnaðarsöm en tekjur, sem eru í formi skráningagjalda, nægja naumlega fyrir dómarakostnaði. Ekki hefur verið rukkaður aðgangseyri á mótin. Öðrum kostnaði við mótin er mætt með styrkjum og sjálfboðavinnu. Það er mun einfaldara fyrir mótshaldara að halda mótin saman þar sem auðveldara er að fá styrktaraðila fyrir stærri viðburði.



Þingskjal nr. 3

Flytjandi: Stjórn LH

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir eftirfarandi breytingu á grein 5.2 Keppnisgreinar á Íslandsmóti, í Lögum og reglum LH.

Þessi setning fellur út úr grein 5.2: „Stjórn LH er heimilt að veita undanþágu til þess að halda mótin saman, sé þess ekki nokkur kostur að halda þau sitt í hvoru lagi.“

Í staðinn kemur: „Stefnt skal að því, að á Landsmótsári verði Íslandsmótin haldin saman, hálfum mánuði eftir Landsmót. Á Heimsmeistaramótsári sé stefnt að því að halda mótin sitt í hvoru lagi. Íslandsmót fullorðinna skal haldið aðra helgina í júlí og Íslandsmót barna, unglunga og ungmenna skal haldið þriðju helgina í júlí. Ef mótin eru haldin saman á Heimsmeistaramótsári, skal halda þau aðra helgina í júlí.“

Þingskjal nr. 3 borið upp til atkvæðagreiðslu með áorðnum breytingum, samþykkt samhljóða

Jóna Dís – skiptir máli að mótin séu eins snemma og hægt er, þurfi því að bæta inn í að ef haldið á heimsmeistaraári þurfi að halda hana

Á landsmótsári verði Íslandsmótin haldin saman, hálfum mánuði eftir landsmót. Ef mótin eru haldin saman á HM ári MEGI halda mótin saman.... en ef mótin eru haldin saman HM árið, þá séu þau haldin aðra helgina í júlí.

Að á LM ári sé ætlast til að halda eitt Íslandsmóti, en megi skipta því upp í tvö, ef þær aðstæður koma upp. Hitt árið

Kristján – varðandi fyrri tillöguna, held hún myndi ná innihaldi beggja, ef undanþáguatkvæðið væri sett inn í og ætti þá við annað hvert ár. Það sé heimilt að halda mótin saman ef ekki er þess nokkur kostur að halda þau í sitt hvoru lagi.

Hermann – held að tillagan frá LH, ættum að samþykkja hana með breytingunum sem Jóna Dís var með.

Meginreglan – saman á LM ári.

Jói – passa að Íslandsmót ungmenna sé ekki of seint á HM árinu.

Rikki – þegar ungmenni eru valin, eru þau ekki valin í úrtöku? Jú, en líka á Íslandsmóti.

Svanur – er þetta ekki of knappur tími. ef úrslit eru á sunnudegi – má ekki færa þau á laugardag?

Jói – það á líka að vera þannig að hestur sé búinn að fara í dýralæknaskoðun fyrr.



Hjörtur – í sambandi við valið, þá hefur verið gefið leyfi til þess að þeir sem eru heitir og koma til greina hafi fengið að ríða á fullorðinsmótinu og ríða þá einir.

Lilja – finnst að sienna skiptið sé; stefnt sé að

Greinargerð

Með þessari tillögu kemur fasti í Íslandsmótin og umsækjendur mótanna vita að hverju þeir ganga. Með því að halda mótin saman minnkar álagið sem felst í því að sækja þessi mót ekki síst fyrir keppnisknappa sem eiga börn sem eru að keppa. Það er að bera í bakkafullan lækinn að knapar sem eru að keppa á Landsmóti og Íslandsmóti fari svo með börnin sín til keppni. Einungis þau félög sem geta haldið keppni á tveimur völlum geta sótt um þessi mót. Þau ár sem ekki eru Landsmót er auðveldara að halda mótin aðskilin. Minni félög geta því sótt um og haldið Íslandsmótin enda ekki krafa um tvo velli.

Með þessu er því verið að koma til móts við keppendur og fjölskyldur þeirra og einnig að gera minni félögum mögulegt að halda Íslandsmót.

Umræður sameiginlegar um 3-34

Jóna Dís – skiptir máli að mótin séu eins snemma og hægt er, þurfi því að bæta inn í að ef haldið á heimsmeistaraári þurfi að halda hana

Á landsmótsári verði Íslandsmótin haldin saman, hálfum mánuði eftir landsmót. Ef mótin eru haldin saman á HM ári MEGI halda mótin saman.... en ef mótin eru haldin saman HM árið, þá séu þau haldin aðra helgina í júlí.

Að á LM ári sé ætlast til að halda eitt Íslandsmóti, en megi skipta því upp í tvö, ef þær aðstæður koma upp. Hitt árið

Kristján – varðandi fyrri tillöguna, held hún myndi ná innihaldi beggja, ef undanþágutkvæðið væri sett inn í og ætti þá við annað hvert ár. Það sé heimilt að halda mótin saman ef ekki er þess nokkur kostur að halda þau í sitt hvoru lagi.

Hermann – held að tillagan frá LH, ættum að samþykkja hana með breytingunum sem Jóna Dís var með.

Meginreglan – saman á LM ári.